

Erindisbréf Almanna- og Almannavarnarráðs Árborgar

Til að tryggja að Sveitarfélagið Árborg sinni hlutverki sínu sem stjórnvald og viðbragðsaðili með markvissum hætti og til að tryggja aðkomu bæjarstjórnar að stefnumótun, eftirliti og viðbragðsaðgerðum með skiplögðum hætti samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að stofna Almanna- og Almannavarnarráð Árborgar (ARÁ) þann 17. mars 2021.

Skipan:

Almanna- og Almannavarnarráð skipa þrjár fulltrúar bæjarstjórnar, forseti bæjarstjórnar, einn fulltrúi meirihluta bæjarstjórnar og einn fulltrúi minnihluta bæjarstjórnar. Með ráðinu starfar bæjarstjóri og – eftir því sem ARÁ telur tilefni til hverju sinni – slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu og sviðsstjóri sveitarfélagsins. Bæjarstjórn kys í ráðið til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar.

Verkefni:

Hlutverk ARÁ verður að móta stefnu sveitarfélagsins um viðbrögð við samfélagslegum áföllum og tryggja skipulag almanna- og Almannavarnar og viðbragðsgetu stofnana sveitarfélagsins. Einnig er á ábyrgð ARÁ að unnið sé áhættumat fyrir Árborg, dregið verði úr þekktri áhættu eins og hægt er og gerðar viðbragðsáætlanir til samræmis. Þá skal ráðið skipuleggja verkefni til að draga lærdóm af reynslu starfsmanna í kjölfar atburða.

Þegar áföll steðja að ber ARÁ, fyrir hönd bæjarstjórnar, ábyrgð á eftirliti með viðbrögðum og fylgist með framvindu mála eftir þörfum.

Viðbragðsstjórn Árborgar (VÁ), sem fer með stjórn viðbragðs og aðgerða f.h. sveitarfélagsins, ásamt viðbragðsteymum sveitarfélagsins, mun starfa með ARÁ og vinna að framfylgd þeirrar stefnu sem mótuð verður.

ARÁ vinnur í samstarfi við almanna- og Almannavarnarnefnd Árnessýslu. VÁ vinnur í samstarfi við aðgerðarstjórn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og lögreglustjóra þegar almanna- og Almannavarnastigi hefur verið lýst yfir.

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019

Samþykkt í bæjarstjórn X. október 2021
